

✉ Re: 2302024 - Umsagnarbeiðni, Fossmýri L224005, smábýlabyggð, deiliskipulag

Búið til	3.5.2023 13:55:53
Höfundur	Borgný Katrínardóttir
Sent	3.5.2023 13:55:50
Tilheyrir	📁 202304-0037 - Umsagnarbeiðni, Fossmýri L224005, smábýlabyggð, deiliskipulag

Efni

Re: 2302024 - Umsagnarbeiðni, Fossmýri L224005, smábýlabyggð, deiliskipulag

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	3.5.2023 13:55:50	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Borgný Katrínardóttir - NI (Borgny.Katrinardottir@ni.is)
Til	solveig@utu.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202304-0037 (BK,OKV)

Vísað er til tölvubréfs frá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita, dags. 18. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um deiliskipulagstillögu fyrir Fossmýri í Flóahreppi. Markmiðið með skipulaginu er að afmarka 5 landspildur að stærð 9-10 ha fyrir smábýli.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér deiliskipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Suðurlandsundirlendið frá Markarfljóti vestur að Hellisheiði hefur verið skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði, m.a. vegna gífurlega hás þéttleika vaðfugla sem flestir teljast til svokallaðra ábyrgðartegunda Íslands og er þá miðað við að um eða yfir 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum.

Umrætt svæði er það dreifbýli sem er undir hvað mestu álagi á Íslandi og eru ýmsar hættur sem steðja að vaðfuglum á svæðinu, einkum landnotkun sem leiðir til þess að búsvæði þeirra skerðast en langflestar vaðfuglategundir eru háðar opnum, fremur snöggglendum búsvæðum og þrífast t.d. ekki í skóglendi.

Undir liðnum *Umhverfisáhrif* er ekkert komið inn á möguleg áhrif framkvæmdanna á lífríki. Er það torkennilegt í ljósi þess að á loftmyndum og kortasjám Náttúrufræðistofnunar má sjá að skipulagssvæðið virðist að miklu leyti vera nokkuð heillegt og samfelld vot- og deiglendi og fellur að hluta til undir 61 gr.

náttúruverndarlaga, nr. 60/2013 um sérstaka vernd (<https://serstokvernd.ni.is/> (<https://serstokvernd.ni.is/>)). Þar er m.a. að finna vistgerðirnar starungsmýravist og runnamýravist á láglendi, sem báðar hafa mjög hátt verndargildi, sem og língresis- og vingulsvist og grasengjavist sem hafa hátt verndargildi (Sigurður H. Magnússon o.fl. 2016). Allar hafa þessar vistgerðir mikinn kolefnisforða í jarðvegi, einkum mýravistgerðirnar.

Á svæðinu má einnig reikna með afar háum þéttleika mófugla. Lilja Jóhannesdóttir o.fl. (2014) könnuðu þéttleika mófugla í algengustu vistlendum Suðurlands og reyndist þéttleiki að meðaltali 640 fuglar á km² í votlendi og 623 fuglar/km² í deiglendi (semi-wetland). Séu tekin mið af þessum þéttleikatölum má því reikna með að á skipulagssvæðinu geti verið búsvæði um 300 fugla. Þrátt fyrir að ekki verði allt svæðið lagt undir mannvirki þá munu framkvæmdirnar fela í sér niðurbrot (e. fragmentation) búsvæða og hafa ber í huga jaðaráhrif ýmissa mannvirkja sem og háls trjágróðurs á þéttleika vaðfugla sem lýsir sér þannig að þéttleiki þeirra er lægri nær þessum einkennum í umhverfinu en fjær (Tómas Grétar Gunnarsson 2020).

Í deiliskipulaginu kemur fram að: *Staðsetning skipulagsins er í góðum tengslum við núverandi vegi og veitur og myndar samfellt svæði með frístundabyggð sem fyrir er austan við Fossmýri, landi Hallanda 1 og norðvestan megin við Fossmýri eru frístundahús í landi Langholts 1.*

Óljóst er við hvað er átt hér en á loftmynd er ekki að sjá neitt sem getur flokkast sem frístundabyggð austan við Fossmýri og almennt er lítið um byggingar í nágrenni skipulagssvæðisins og því hæpið að tala um samfellu í þessu tilfalli.

Náttúrufræðistofnun hvetur eindregið til þess að staðsetning og umfang fyrirhugaðra framkvæmda verði endurskoðað og að ekki verði sett fordæmi fyrir landnotkun af þessu tagi á tiltölulega öröskuðu og lífríku landi, sem er að stórum hluta votlendi eða deiglendi, fjarri byggð. Lítt raskað votlendi hefur mjög hátt verndargildi vegna kolefnisbindingar auk þess að mýrar gegna mikilvægri vistkerfisþjónustu, s.s. miðlun vatns og næringarefna. Með framkvæmdum sem t.d. breyta jarðvatnsstöðu eða losa um jarðveg mýranna mun kolefni losna út í andrúmsloftið með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Á tímum loftslagsbreytinga ætti skipulag byggðar því að taka ríkt tillit til votlendis og leitast við að hlífa því þegar aðrir kostir eru mögulegir.

Að lokum skal einnig ítrekað að afar brýnt er að sveitarfélög, sérstaklega innan Suðurlandsundirlendisins, marki sér stefnu um verndun búsvæða vaðfugla til að tryggja viðunandi verndarstöðu þessara tegunda til framtíðar, m.a. með því að leggja mat á samlegðaráhrif ólíkra framkvæmda og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif þeirra á vaðfuglastofna.

Heimildir:

Jóhannesdóttir, L., Arnalds, Ó., Brink, S., & Gunnarsson, T. G. 2014. Identifying important bird habitats in a sub-arctic area undergoing rapid land-use change. *Bird Study*, 61, 544–552.

Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Ásrún Elmarsdóttir, Sigmar Metúsalemsson og Hans H. Hansen 2016. Vistgerðir á landi. Í Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi, bls. 17–169. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands. http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf (http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_54.pdf)

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Bestu kveðjur
Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið / Biologist, Nature Protection

Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)

From: "Sólveig Olga Sigurðardóttir" <solveig@utu.is>

To: "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Rannveig María Jóhannesdóttir - VG" <rannveig.m.johannesdottir@vegagerdin.is>; "Umhverfisstofnun" <ust@ust.is>; "Móttaka - NI"

<Mottaka@ni.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "uggi@minjastofnun.is" <uggi@minjastofnun.is>;
"kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>;
"Viðskiptaver RARIK" <rarik@rarik.is>

CC:

Subject: 2302024 - Umsagnarbeiðni, Fossmýri L224005, smábýlabyggð, deiliskipulag

Date: 18.4.2023 11:06:26

Góðan dag

Óskað er eftir umsögnum vegna meðfylgjandi deiliskipulagstillögu fyrir Fossmýri í Flóahreppi.
Tillagan er í kynningu 05.04.-03.05.2023.

*Með kveðju,
Sólveig*

Sólveig Olga Sigurðardóttir
Ritari skipulagsfulltrúa

Dalbraut 12, 840 Laugarvatni

Netfang: solveig@utu.is (mailto:solveig@utu.is)

Veffang: www.utu.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.utu.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cbece6bfb1b4c4bd9a89908db3ffcdda4%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638174127866591739%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=dDkyX%2B%2BHba5iGSTgRxiKchqinhCKgkIEsyY4E9jvwXI%3D&reserved=0)

Kortasjá Suðurlands: https://www.map.is/sudurland/ (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=https%3A%2F%2Fwww.map.is%2Fsudurland%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cbece6bfb1b4c4bd9a89908db3ffcdda4%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638174127866591739%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=JIBAX%2Bulw4puG9H390uCoPcf1zeIPT2%2BmsDk3fNZkk%3D&reserved=0)

Náðu þér í island.is – appið (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.island.is%2Fapp&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7Cbece6bfb1b4c4bd9a89908db3ffcdda4%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638174127866591739%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljoIMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6IjEhaWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C%7C&sdata=6XLZ4NM8CodHYvqXD5TMBytbo4z6VmVIUuLB0nrH0Rw%3D&reserved=0)